

Nd.

75. Frumvarp

til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa heimavistahús fyrir Hinn almenna mentaskóla handa 40–50 nemendum skólans og búa það nauðsynlegustu húsgögnum, hvorttveggja á kostnað rikissjóðs. Í húsinu skal vera íbúð handa kennara.

2. gr.

Heimavistanemendur fá húsnæðið ókeypis ásamt ljósi og hita. Í húsinu skal ætla rúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mótuneyti heimavistanemenda, en að öðru leyti tekur rikissjóður ekki þátt í þeim kostnaði, er af mótuneytinu leiðir.

3. gr.

Skólameistari velur, í samráði við fasta kennara skólans, þá nemendur, er heimavistanna eiga að njóta. Ef fleiri sækja en húsrúm leyfir, skulu utanbæjarnemendur ganga fyrir, enda sjeu þeir efnilegir og stundi nám sitt vel. Ef ekki er húsrúm fyrir þá utanbæjarnemendur, sem heimavista óska, ganga þeir fyrir, sem fátækari eru, ef þeir annars teljast hlunnindanna maklegir.

4. gr.

Kenslumálaráðherra setur reglur um heimavistirnar, að fengnum tillögum skólameistara. Í reglum þessum skulu vera fyrirmæli, er tryggja góða reglu í heimavistahúsinu, um þjónustufólk og annað, er þurfa þykir.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhljóða og það var samþykkt við 2. umr. í Nd. síðastl. ár. Um ástæður fyrir frv. vísast til þingtíðindanna frá í fyrra.